

Veiðifélag Ytri-Rangár  
Bjólu 1  
851Hella

Reykjavík, 25. nóvember 2021  
UST202103-326/F.T.  
08.12.02

### Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 24. mars 2021 þar sem áformað var að áminna Veiðifélag Ytri-Rangár vegna frávíks sem skráð var í eftirliti 22. desember 2020.

### Frávikið er eftirfarandi:

1. Gr. 1.3 í starfsleyfi. Skv. starfsleyfi er leyfilegur fjöldi seiða allt að 300 þúsund á ári og stærð þeirra allt að 40 g. Alin voru fleiri en 300 þúsund seiði í stöðinni á árið 2020.

Umhverfisstofnun skráði sambærilegt frávík í eftirliti dags. 14. nóvember 2018 sem og í eftirliti 30. október 2021. Þann 10. maí 2019 samþykkti stofnunin úrbótaáætlun rekstraraðila þar sem fram kom að unnið væri að umsókn um starfsleyfi þar sem fyrirhugað væri að sækja um leyfi fyrir auknum lífmassa í eldisstöðinni. Rekstraraðili hugðist sækja um undanþágu frá starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, hvað varðar magn seiða í stöðinni, uns nýtt leyfi hafi verið gefið út. Þar til að nýtt leyfi eða undanþága hafi verið gefin út, ætlaði rekstraraðili ætlaði sér að fækka seiðum í stöðinni. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hafði seiðum verið fækkað og fjöldi þeirra kominn undir 300 þúsund. Upplýsingar frá rekstraraðila um fækkun seiða í stöðinni voru forsendur þess að Umhverfisstofnun hélt ekki áfram með eftirfylgni með frávíkinu á þeim tíma.

Frávík frá gr. 1.3 í starfsleyfi varðandi leyfilegan fjölda seiða í stöðinni var skráð aftur í eftirliti 22. desember 2020. Uppfærð tímasett úrbótaáætlun barst ekki fyrir þann frest sem tiltekinn var í bréfi dags 25. janúar sl. Einnig fylgdi rekstraraðili ekki eldri úrbótaáætlun sinni. Þann 24. mars 2021 áformaði stofnunin því að áminna rekstraraðila, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og gerði kröfu um úrbætur.

Rekstraraðili hefur nú sótt um nýtt starfsleyfi fyrir 40 tonna ársframleiðslu til Umhverfisstofnunar. Umsóknin er í vinnslu hjá stofnuninni. Ljóst er að vinnsla starfsleyfisins mun taka einhverja mánuði til viðbótar og sótti rekstraraðili því einnig um undanþágu vegna gr. 1.3 í starfsleyfi til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Fallist var á veitingu undanþágu þann 4. nóvember sl. **Undanþágan gildir þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 25. mars 2022.**

**Umhverfisstofnun hafa borist fullnægjandi upplýsingar um úrbætur og telst frávikin lokið.**

Ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 66.000 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur